



Fundargerð – Skólaráð

Dagsetning: 17. október 2018

Nýtt skólaráð 2018-2019

Berglind Axelsdóttir, formaður
Steinunn María Þórsdóttir, kennari (2. ár)
Ragnar Ingi Sigurðsson, kennari (1. ár)
Arnór Óskarsson, stuðningsfulltrúi (2. ár)
Edda Baldursdóttir, fulltrúi foreldra (2. ár)
Magnús Ingi Bæringsson, fulltrúi foreldra (1. ár)
Unnur Steinsen, fulltrúi grenndarsamfélags (2. ár)
Formaður nemendaráðs 2018-2019, fulltrúi nemenda
Formaður íþróttaráðs 2018-2019, fulltrúi nemenda

Mættir: Berglind Axelsdóttir, Edda Baldursdóttir, Magnús Ingi Bæringsson, Ragnar Ingi Sigurðsson, Steinunn María Þórsdóttir og Unnur Steinsen.
Arnór Óskarsson boðaði forföll

Dagskrá:

1. Nýtt skólaráð kynnt.

2. Skólastarfið

Rætt um að boða formenn nemendaráðs og íþróttaráðs á alla fundi.

Berglind sagði frá því að skólabyrjun væri búin að vera góð. Allt er að komast í fastar skorður. Auglýst var í vor kennarastöður til þess að leysa tímabundin fæðingarorlof. Það gekk ekki vel að ráða í þær. Enda kannski ekki von til þess að það fáiast kennarar út á land í stuttan tíma. Tímabundnu leyfin voru því leyst með því að sumir kennarar tóku að sér yfirvinnu. Það hefur svo áhrif á önnur forföll þannig að álag verður of mikið. Berglind sagði frá því að stjórnendur væru að vinna að því að fá kennara sem býr í nágrenninu til þess að koma í forfallakennslu.

Rætt um skóladagatal og breytingar á uppbroti og þemadögum með tilliti til nýrra kjarasamninga kennarar. Búið var að samþykkja nýtt skóladagatala með fyrirfram ákveðna uppbrotsdaga og þemadaga. Nýtt ákvæði kom inn sem kveður á um að slíkir dagar mega eingöngu vera 10 talsins.

Rætt um 1. desember en þá verður skertur dagur í skólanum í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Nemendur munu vinna þemaverkefni og haldin verður sýning á opnum

degi og allir velkomnir. Verið er að vinna í því að einhver bekkur taki að sér vöflusölu í fjáröflunarskyni.

Berglind sagði frá vinnu vegna nýrra persónuverndalaga. Búið er að loka facebooksíðunni og allir nemendur eiga nú sína persónumöppu sem geymd er inni í eldvarnarrými inn af skrifstofu ritara. Eingöngu stjórnendur og ritari hafa aðgang að rýminu og þurfa kennarar og aðrir sem þurfa gögn úr möppum nemenda að fá þau í gegnum ritara sem heldur utan um skráningu.

3. Fjármál

Framkvæmdir í ár voru kaup á stólum og borðum fyrir 1. – 3. bekk. Þá hafa verið keypt ný húsgögn fyrir 1. – 7. bekk. Á áætlun er að yfirfara og bæta inn í stóla og borð á unglíngastigi. Mötuneytið var endurnýjað. Sett nýtt gólfefni, málað og keypt ný tæki. Einnig voru starfsmannaklósett tekin í gegn.

Þá hafa nemendur í 10. bekk tekið í gegn svokallað gamla bókaherbergi. 8. – 10. bekkur mun hafa það til afnota í frímínútum og sem fundaraðstöðu.

Þá var rætt um að á í nóvember á hverju ári er fundur með skólastjórenda og bæjarráðs þar sem farið er yfir fjárhagsáætlun næsta skólaárs og farið yfir þörf fyrir framkvæmdir.

4. Önnur mál

Berglind minntist á gerð samskiptaáætlunar sem er á planinu að útbúa í vetur með aðkomu foreldrafélagsins, skólanefndar, skólaráðs, starfsfólks og nemendafélags.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:30

Steinunn María Þórsdóttir fundarritari